

3. Fundur

Miðvikudaginn 11. júní 2025 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna á 3ju hæð suður og hófst hann kl 18.00.

Mættir voru: *Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Hulda Björnsdóttir, Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Agnes Reykdal og Stefán Jónsson.*

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
Formaður upplýsir stjórnarmeðlimi um niðurstöðu sem komu út úr könnun sem ASÍ lét gera meðal aðildarféлага varðandi kosninga innan ASÍ, flutninga höfuðstöðva ASÍ, vinnustaðaeftirlit og fleira.
Þá kynnti hann breytingar á útreikningum lífeyrissjóðanna sem er búið að leggja fram á Alþingi.
2. Nýjar íbúðir í Rvk.
Formaðurinn kynnir íbúðir sem að nokkur félög eru að skoða að kaupa að Eirhöfða 7. Búið er að taka frá um 56 íbúðir og verið að skoða verð og fleira.
Spurning hvort að félagið eigi að vera með í þessum pakka? Staðsetningin á íbúðunum er kannski ekki eins og best verður á kosið en á móti kemur að kostirnir eru margir við að eiga íbúðir í húsi þar sem að eingöngu eru orlofsíbúðir. Samþykkt að skoða þetta aðeins nánar og fá betri upplýsingar.
3. Leiga á Spáni
Rætt hvort að eigi að halda áfram að bjóða uppá leiguna á íbúðinni á Spáni. Ekki margar leigur frá því í desember. Spurning hvort að það borgi sig að halda áfram að leigja. Samþykkt að setja þetta á pásu þar sem að nýtingin er ekki nógu góð.
Eiður óskar eftir leyfi stjórnar til að fá að leigja starfsfólki og /eða félagsmönnum sem sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið á sérkjörum þessar tvær vikur sem eru lausar í ágúst. Stjórn samþykkir það.
4. Framkvæmdir ofl.
 - a. Eiður fer yfir kostnað við fjárhagsáætlun v/tölvuskipta þar sem gömlu tölvurnar sem starfsfólkið notar eru hættar að taka við uppfærslum. Samþykkt að bæta við fjárhagsáætlun til að fjárfesta í þremur tölvum sem voru ekki á áætlun.
Eiður kynnir fyrir stjórn að það þarf að fara í ýmsar endurbætur í Skógarseli, t.d þarf að fara í garðinn, leiksvæðið, málningu og fleira.
Einnig voru keyptar nýjar mublur í Skógarsel. Sófinn úr Skógarseli var færður á Illugastaði 19.

- b. Eiður upplýsir stjórnarmeðlimi um fréttir af gangi mála með að innleiða Total kerfið. RL hefur samþykkt að framlengja nýtingu félagsins af orlofshúsa/félagakerfi til áramóta.
- c. Sagt var frá afmæli Simeyjar sem að Halldór Óli og Eydís voru fulltrúar á.
- d. Anna Hafdís segir frá Kvennaráðstefnunni sem að hún ásamt Huldu Björnsdóttur stjórnarmanni og Maríu Rut Dýrfjörð starfsmanni félagsins fóru á í maí.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.